

Móskarðshnúkar.

Móskarðshnúkar nefnist austasti hluti Esju-fjallgarðsins. Milli þeirra og Skálafellsins er Svínaskarð. Hnúkarnir sjálfir eru auðþekktir vegna lits og lögunar. Hinn ljósbleiki litur vekur athygli vegfarandans en blekkir oft á tíðum, því það er eins og sólin skíni alltaf á Móskarðshnúkana þótt veðurstofan segi annað.

Hnúkarnir eru fjórir en milli þeirra grunn skörð. Þunnur kletthryggur tengir þá við meginfjallið, en hann liggur milli tveggja dalabotna, Þverárdals að sunnan og Eyjadals að norðan.

Um Svínaskarð lá fyrrum aðal leiðin milli Kjósar og Mosfellssveitar. Og um þetta skarð lögðu flestir leið sína, sem komu til og frá Reykjavíkur að norðan og vestan allt fram undir 1930, en þá var búið að leggja akfæran veg vestan Esjunnar um Kjalarnesið og inn í Hvalfjörð.

Ganga á Móskarðshnúka er auðveld. Er venjulegast gengið á þá að sunnan. Þá er ekið að Leirvogsa, hjá Hrafnhólum, og haldið þaðan eftir gömlu götunni áleiðis að Svínaskarði. Skammt fyrir norðan Hrafnhóla er farið yfir Skarðsána. Hún er ekki mikil að jafnaði svo auðvelt ætti að vera að stikla þar yfir á steinum. Mörgum hættir til að taka stefnuna beint á hnúkana eftir að komið er yfir ána, en léttara er að ganga áfram eftir götunni um stund uns komið er að gili, sem austan við svonefnt Þverfell, halda upp með því að austan og stefna beint á skarðið milli tveggja austustu hnúkanna.

Úr skarðinu er létt að ganga á austasta hnúkinn, en hann er hæstur (807 m y.s.) og af honum er besta útsýnið. Ekki er mikið víðsýni af Móskarðshnúkum, nema helst til austurs og suðurs, því fjöll kreppa að til annarra átta, svo minna er þar að sjá en vænta mætti.

Um fleiri en eina leið má velja, þegar halda skal til baka. Sennilega liggur leið flestra af austasta hnúknum niður skriðurnar og ofan í Svínaskarð (það er í 481 m y.s.) og ganga síðan gömlu götuna til baka. Þetta er mjög þægileg leið og falleg. En ef tími er nægur er sjálfsagt að lengja leiðina, ganga yfir vestari hnúkana, yfir kletthrygginn milli Þverárdals og Eyjadals og vestur á Esjuna. Krækja fyrir botn Þverárdals, ganga á Hátind (909 m y.s.) og halda svo niður Þverárkotsháls að Hrafnhólum (sjá kort). Þessi leið er bæði fjölbreytt og falleg og veitir víðari sjóndeildarhring en Móskarðshnúkarnir einir. Þá er rétt að hafa í huga að þessi gönguleið tekur alllangan tíma, ekki síst ef farið er rólega og án ódagots.

En hvernig mynduðust Móskarðshnúkar og hvers vegna eru þeir frábrugðnir öðrum nærliggjandi fjöllum bæði að lit og lögun? Jarðvísindamenn segja, að Esjan sé mynduð við eldsumbrot fyrir 2.5-3 millj. árum. Fyrir um 2 milljónum ára var stór og mikil askja fyllt vatni á svæði sem nú er á milli Skálafells, Móskarðshnúka, Þverárkotsháls og allt suður undir Grimmansfell. Á börmum þessarar öskju voru tíð eldgos og þá mynduðust Móskarðshnúkar. Þeir eru því fornar eldstöðvar og myndaðir úr líparíti, en það berg gefur þeim ljósa litinn og gerir þá svo auðkennda, sem alkunnugt er. En síðan hafa ísaldarjöklnir, frost, vatn og vindar máð burtu þessi fornu eldvörp að mestu og gefið fjallinu þá lögun sem það hefur í dag.

Með skarpskyggni sinni og nútímataekni hafa vísindamenn okkar velt þessum gátum fyrir sér og ráðið þær á sennilegan máta. Um leið hafa þeir veitt okkur óbreyttum leikmönnum tækifæri til að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Við reynum að rýna nánar í þessar gátur meðan við fetum okkur áleiðis að áfangastað.

(Mbl. júlí 1980, Áfangar 2. tbl. 1982)